

Nemendaráð Naustaskóla

2. fundur skólaárið 2010-2011

Dagsetning: 30. nóvember 2010

Mættir; Hrannar Þór og Elvar 8.b, Brynjar 7.b., Ugly 6.b., Petra 5.b. og Bjarney Guðrún 4.b. ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

1. **Nemendadagurinn.** Ræddar hugmyndir að "nemendadeginum" en þar er hugmyndin að nemendaráð muni annast skipulagningu dagsins. Stefnt er að því að nemendadagurinn verði seinnipart janúarmánaðar, hugsanlega miðvikudaginn 26. janúar. Meðal þeirra hugmynda sem komu fram var að nemendur og starfsmenn skiptu um hlutverk að einhverju leyti, dagskrá nemenda yrði "frjálsleg", kennarar myndu láta ljós sitt skína á hæfileikakeppni, sjoppa 8. bekkjar yrði opin í frímínútum o.fl. Formaður og varaformaður búa til nánari hugmynd að skipulagi fyrir daginn fyrir næsta fund í samráði við skólastjóra.
2. **Búnaðarþörf - hugmyndir.** Velt upp spurningum um hvað nemendur myndu vilja sjá keypt inn í skólann (eða gefið af Foreldrafélaginu) þar sem nú eru komin tvö borðtennisborð og poolborð í húsið. Fram komu hugmyndir um þythökkýborð og svo ýmis borðspil t.d. Party-Alias o.fl. Einnig var nefnt að þörf væri fyrir fleiri sófa...
3. **Stjórnun og fundarritun.** Á næsta fundi mun formaður taka við fundarstjórn og ritari við fundarritun.

Fleira ekki rætt á þessum fundi, stefnt að öðrum fundi fyrir jól.

ÁFJ